

Subject: RE: Mat á umhverfisáhrifum - þangvinnsla í Stykkishólmi
Date: Monday, 19 September 2022 at 12:49:47 Greenwich Mean Time
From: Egill Þórarinsson - SLS <Egill.Thorarinsson@skipulag.is>
To: Skipulagsfulltrúi <skipulag@stykkiholmur.is>
Attachments: image001.jpg

Sæl Kristín og afsakaðu sein svör.

Fyrirhugað framkvæmd fellur ekki undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Með kveðju,

Egill Þórarinsson

Sviðsstjóri, svið umhverfismats / Division Head, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100
Egill.Thorarinsson@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun



From: Skipulagsfulltrúi <skipulag@stykkiholmur.is>
Sent: 22.08.2022 15:37:16
To: Egill Þórarinsson - SLS
Subject: Mat á umhverfisáhrifum - þangvinnsla í Stykkishólmi

Sæll Egill,

Embætti byggingarfulltrúans í Stykkishólmi er með til meðferðar umsókn um byggingarleyfi fyrir u.þ.b. 950 m² byggingu þar sem fyrirhugað er að starfrækja þangvinnslu fyrir u.þ.b. 5000 tonn/ári af fersku þangi sem slegið verður í Breiðafirði.

Svæðið þar sem fyrirhugað bygging á að rísa er í aðalskipulagi skilgreint sem hafnarsvæði þar sem gert er ráð fyrir hafnsækinni starfsemi. Þar sem ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið vísaðu byggingarfulltrúi umsókninni til skipulagsnefndar skv. 1 mgr. 44 gr. SL, sem tók ákvörðun um að grenndarkynna umsóknina fyrir lóðarhöfum í nágrenninu.

Þar sem byggingin (og þar með fyrirhugað starfsemi) er í um 100-150 m fjarlægð frá jaðri íbúðarbyggðar, var boðað til kynningarfundar. Á fundinum lýstu íbúar yfir áhyggjum vegna fyrirhugaðrar starfsemi (ekki byggingarleyfinu per se) hvað varðar hugsanlega hljóð- og loft/lyktarmengun. Samkvæmt upplýsingum frá lóðarhöfum fyrirhugaðrar þangvinnslu, verður sem næst engin hljóð- eða loft/lyktarmengun frá starfseminni þar sem að vinnslan verður í lokuðu ferli innanhúss þ.m.t. ofninn sem þurrkar þangið. Ferskt þang verður geymt utanhúss en ætlunin er að það verði aldrei lengur en einn sólarhring utanhúss og því engin lykt umfram það sem ætla má af starfsemi á hafnarsvæði.

Nú er spurning hvort framkvæmdin (byggingin og fyrirhugað starfsemi) falli undir B-flokk og sé því háð mati á umhverfisáhrifum skv. 1. mgr. 19. gr. lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021? Framkvæmdaraðili og bæjarstjórn telja að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar.

Til þess að taka af allan vafa, leita ég nú til Skipulagsstofnunar um staðfestingu á því hvort þessi framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Með von um að heyra frá þér sem fyrst,

Með kveðju,

Kristín Þorleifsdóttir

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsmála og skipulagsfulltrúi
Póstfang: Ráðhúsið, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmur
Netfang: skipulag@stykkisholmur.is
Sími: 433 8100

